

TILSKIPUN RÁÐSINS**frá 24. júlí 1986****um hámarksmagn varnarefnaleifa í og á kornvörum****(86/362/EBE)**

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 43. og 100. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins ⁽²⁾,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽³⁾,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

Jarðyrkja gegnir þýðingarmiklu hlutverki innan bandalagsins.

Skaðlegar lífverur og illgresi hafa sífellt áhrif á afrakstur hennar.

Það er grundvallarnaúðsyn að vernda plöntur og plöntuafurðir gegn þessum lífverum, ekki eingöngu til þess að koma í veg fyrir að afraksturinn minnki eða afurðirnar skemmist heldur einnig til þess að auka framleiðni í landbúnaði.

Ein áhrifaríkasta aðferðin til þessa að vernda plöntur og plöntuafurðir fyrir áhrifum þessara skaðlegra lífvera er að nota kemísk varnarefni.

Þessi varnarefni hafa hins vegar ekki eingöngu jákvæð áhrif á plönturækt þar sem yfirleitt er um eitrefni að ræða eða

efnablöndur með hættulegar aukaverkanir.

Stór hluti þessara varnarefna og umbrots- eða niðurbrots-efna þeirra geta skaðað neytendur plöntuafurða.

Þessi varnarefni og aðskotaefni sem kunna að fylgja þeim geta verið hættuleg umhverfinu.

Nokkur aðildarríki hafa þegar ákveðið hámarksmagn fyrir tiltekna varnarefnaleifar í og á kornvörum til þess að mæta þessari hættu.

Ósamræmi aðildarríkja í milli að því er varðar leyfilegt hámarksmagn varnarefnaleifa getur stuðlað að viðskiptahindrunum og með því torveldað frjálsa vöruflutninga innan bandalagsins.

Í fyrsta áfanga ber því að ákvarða hámarksmagn einstakra virkra efna í korni sem ber að virða þegar þessar vörur eru settar í umferð.

Sé þetta hámarksmagn enn fremur virt tryggir það frjálsa umferð kornvaranna og örugga heilsuvernd neytenda.

Um leið skal aðildarríkjum gert kleift að heimila eftirlit með magni varnarefnaleifa í korni, sem framleitt er og neytt á yfirráðasvæði þeirra, með eftirlitskerfi og skyldum ráðstöfunum til þess að veita vernd sambærilega við þá sem fæst með því að ákvarða hámarksmagn.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. C 56, 6. 3. 1980, bls. 14.⁽²⁾ Stjtið. EB nr. C 28, 9. 2. 1981, bls. 64.⁽³⁾ Stjtið. EB nr. C 300, 18. 11. 1980, bls. 29.

Aðildarríkjum skal heimilt, í sérstökum tilvikum, einkum að því er varðar rokkgjarnan vökva eða loftkennt úðunareitur á kornvörum sem ekki eru ætlaðar til neyslu þegar í stað, að setja hærra hámark en það sem mælt er fyrir um, að því tilskildu að viðeigandi eftirlit sé haft til þess að tryggja að vörur þessar standi ekki notendum eða neytendum til boða fyrr en eitrið í leifunum er ekki lengur ofan við leyfilegt hámarks-magn.

Ekki er nauðsynlegt að ákvæði þessarar tilskipunar gildi um vörur sem eru ætlaðar til útflutnings til þriðju landa, til framleiðslu á öðrum vörum en matvælum eða til sáningar.

Aðildarríkjum skal heimilt að lækka tímabundið hámarks-magn sem mælt er fyrir um komi óvænt í ljós að það stofni heilbrigði manna eða dýra í hættu.

Í slíku tilviki er rétt að koma á náinni samvinnu aðildarrík-anna og framkvæmdastjórnarinnar innan fastanefndarinnar um plöntuheilbrigði.

Til að tryggj sé að farið sé að þessari tilskipun þegar um-ræddar vörur eru settar í umferð ber aðildarríkjunum að kveða á um viðeigandi eftirlitsaðferðir.

Ákveða ber sýnatöku- og greiningaraðferðir í bandalaginu og nota að minnsta kosti sem tilvísunaraðferðir.

Aðferðir við sýnatöku og greiningu eru tæknileg og vísinda-leg málefni sem ber að ákvarða samkvæmt málsmeðferð sem felur í sér nána samvinnu aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar innan fastanefndarinnar um plöntu-heilbrigði.

Aðildarríkjunum ber að gefa framkvæmdastjórninni árlega skýrslu um niðurstöður eftirlitsins til þess að auðvelda upp-lýsingasöfnun um varnarefnaleifar fyrir bandalagið iheild.

Ráðinu ber að endurskoða þessa tilskipun fyrir 30. júní 1991 með það fyrir augum að koma á samræmdu kerfi í bandalaginu.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Þessi tilskipun gildir, með fyrirvara um ákvæði tilskipunar ráðsins frá 74/63/EBE frá 17. desember 1973 um óæskileg efni og óæskilegar afurðir í dýrafæðu⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 86/354/EBE⁽²⁾, um kornvörur skráðar í I. viðauka, að svo miklu leyti sem afurðir þessar

kunna að innihalda varnarefnaleifar sem skráðar eru í II. viðauka.

2. gr.

1. Í þessari tilskipun merkir hugtakið „varnarefnaleif-ar“ leifar varnarefna og umbrotsefna varnarefna auk allra niðurbrots- eða hvarfefna sem skráð eru í II. viðauka og eru í eða á framleiðsluvörunum sem um getur í 1. gr.

2. Í þessari tilskipun merkir hugtakið „að setja í umferð“ öll afhending framleiðsluvaranna sem um getur í 1. gr., gegn greiðslu eða ekki.

3. gr.

1. Aðildarríkin skulu tryggja að afurðirnar sem um getur í 1. gr. stofni ekki, frá því þær eru settar í umferð, heilbrigði manna í hættu vegna varnarefnaleifa í eða á þeim.

2. Aðildarríkjum er óheimilt að banna eða hindra að af-urðirnar sem um getur í 1. gr. séu settar í umferð á yfirráða-svæðum sínum á þeim forsendum að þær innihaldi varnar-efnaleifar fari leifarnar ekki yfir það hámark sem tilgreint er í II. viðauka.

4. gr.

1. Aðildarríkin skulu fyrirskipa að óheimilt sé að afurð-irnar sem um getur í 1. gr. innihaldi varnarefnaleifar umfram þau mörk sem tilgreind eru í II. viðauka frá því þær eru settar í umferð.

2. Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja, að minnsta kosti með sýnatökueftirliti, að sett hámarkmagn í samræmi við 1. mgr. sé virt.

5. gr.

1. Þegar í hlut eiga afurðir sem um getur í 1. gr., aðrar en þær sem eru fluttar inn frá þriðju löndum eða ætlaðar öðrum aðildarríkjum, er aðildarríkjum heimilt, þrátt fyrir ákvæði 4. gr., að viðhalda eftirlitskerfi sem þegar er í gildi á yfir-ráðasvæði þeirra og gerir kleift að hafa eftirlit með varnar-efnaleifum og gera jafnframt aðrar ráðstafanir til að tryggja árangur sem samsvarar fyrir-mælum um magn varnarefna-leifa í II. viðauka, og að meta að hve miklu leyti íbúar hafa orðið fyrir áhrifum af þessum leifum í mat, hver svo sem uppruni þeirra er. Í slíkum ráðstöfunum felast reglubundn-ar lýsandi kannanir á magni varnarefnaleifa í dæmigerðu mataræði.

2. Aðildarríki skulu tilkynna öðrum aðildarríkjum og framkvæmdastjórninni um framkvæmd 1. mgr.

⁽¹⁾ Stjttíð. EB nr. L 38, 11. 2. 1974, bls. 31.

⁽²⁾ Stjttíð. EB nr. L 212, 2. 8. 1986, bls. 27.

6. gr.

Aðildarríkjum er heimilt að leyfa meira magn varnarefna-leifa sem skráðar eru í B-hluta II. viðauka, í og á afurðunum sem um getur í 1. gr. en það sem tilgreint er þar, að því tilskildu að afurðirnar séu ekki ætlaðar til neyslu þegar í stað og að viðeigandi eftirlitskerfi tryggi að þær standi notanda eða neytanda ekki til boða, ef þær eru afgreiddar beint til þeirra, fyrr en leifarnar fara ekki lengur yfir hámarks magnið sem tilgreint er í B-hluta. Þau skulu tilkynna öðrum aðildarríkjum og framkvæmdastjórninni um þær ráðstafanir sem gerðar eru. Þessar ráðstafanir skulu gilda um allar afurðir sem þær taka til, án tillits til uppruna þeirra.

7. gr.

Aðildarríkjunum ber að gefa framkvæmdastjórninni skýrslu fyrir 1. ágúst ár hvert um niðurstöður opinberra athugana, eftirlitsins og annarra ráðstafana sem gerðar voru samkvæmt 4. gr. og, eftir því sem við á, 5. gr. á síðastliðnu ári.

8. gr.

1. Aðferðirnar við sýnatöku og greiningu sem nauðsynlegar eru til að framkvæma athuganir, eftirlit og aðrar ráðstafanir sem kveðið er á um í 4. gr. og, eftir því sem við á, 5. gr. skal ákvarða í samræmi við þá málsmeðferð sem mælt er fyrir um í 12. gr. Greiningaraðferðir bandalagsins, sem grípa á til ef ágreiningur rís, útiloka ekki að aðildarríkin beiti öðrum vísindalega viðurkenndum aðferðum sem gera þeim kleift að komast að sambærilegum niðurstöðum.

2. Aðildarríki skulu tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um aðrar aðferðir sem eru notaðar samkvæmt 1. mgr.

9. gr.

1. Álit aðildarríki að það hámarks magn sem ákveðið er í II. viðauka stofni heilsu manna í hættu, og krefjist þess vegna skjótra aðgerða, er því aðildarríki heimilt að lækka hámarkið tímabundið á yfirráðasvæði sínu. Það skal í slíku tilviki tilkynna án tafar hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um þær ráðstafanir sem gerðar eru og rökstyðja þær í greinargerð.

2. Komi þær aðstæður upp sem fjallað er um í 1. mgr. skal ákveða í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 13. gr. hvort breyta skuli hámarks magni því sem sett er í II. viðauka. Þar til ráðið eða framkvæmdastjórnin tekur ákvörðun í samræmi við fyrrnefnda málsmeðferð er viðkomandi aðildarríki heimilt að viðhalda þeim ráðstöfunum sem það hefur gert.

10. gr.

Með fyrirvara um ákvæði 9. gr. skulu breytingar á hámarks magni, sem sett er í II. viðauka, vegna aukinnar vísinda- og tæknipækkingar samþykktar af ráðinu með auknum meirihluta að fenginni tillögu frá framkvæmdastjórninni.

11. gr.

Ráðið skal, að tillögu framkvæmdastjórnarinnar, samþykkja samhljóða með tilskipunum allar nýjar skrár yfir afurðir eða nýjar skrár yfir varnarefnaleifar í eða á afurðum sem um getur í 1. gr. og hámarks magn þeirra.

12. gr.

1. Þegar fylgja skal málsmeðferð þeirri sem sett er fram í þessari grein ber formanni nefndarinnar að vísa málinu án tafar til fastanefndarinnar um plöntuheilbrigði, hér á eftir kölluð „nefndin“, annaðhvort að eigin frumkvæði eða að beiðni aðildarríkis.

2. Innan nefndarinnar vega atkvæði aðildarríkjanna eins og kveðið er á um í 2. mgr. 148. gr. sáttmálans. Formaður greiðir ekki atkvæði.

3. Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar leggur fyrir nefndina drög að þeim ráðstöfunum sem gera skal. Nefndin skal skila álit sínu á þessum ráðstöfunum fyrir þau tímamörk sem formaður setur eftir því hversu brýnt málið er. Álit skulu samþykkt með 54 atkvæða meirihluta.

4. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja fyrirhugaðar ráðstafanir og sjá um að þær komi til framkvæmda án tafar, séu þær í samræmi við álit nefndarinnar. Séu ráðstafanirnar ekki í samræmi við álit nefndarinnar eða skili nefndin ekki álit ber framkvæmdastjórninni tafarlaust að leggja tillögu fyrir ráðið um ráðstafanir sem gera skal. Ráðið skal samþykkja ráðstafanirnar með auknum meirihluta.

Hafi ráðið ekki samþykkt neinar ráðstafanir innan þriggja mánaða frá því að tillagan var lögð fyrir það skal framkvæmdastjórnin samþykkja fyrirhugaðar ráðstafanir, nema einfaldur meirihluti í ráðinu hafi greitt atkvæði gegn umræddum ráðstöfunum.

13. gr.

1. Þegar fylgja skal þeirri málsmeðferð sem mælt er fyrir um í þessari grein ber formanni nefndarinnar að vísa málinu til hennar án tafar, annaðhvort að eigin frumkvæði eða að beiðni aðildarríkis.

2. Innan nefndarinnar vega atkvæði aðildarríkjanna eins og kveðið er á um í 2. mgr. 148. gr. sáttmálans. Formaður greiðir ekki atkvæði.

3. Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar leggur fyrir nefndina drög að þeim ráðstöfunum sem gera skal. Nefndin skal skila álit sínu á þessum ráðstöfunum innan tveggja daga. Álit skulu samþykkt með 54 atkvæða meirihluta.

4. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja fyrirhugaðar ráðstafanir og sjá um að þær komi til framkvæmda án tafar, séu þær í samræmi við álit nefndarinnar. Séu þær ekki í samræmi við álit nefndarinnar eða skili nefndin ekki álit ber framkvæmdastjórninni tafarlaust að leggja tillögu fyrir ráðið um ráðstafanir sem gera skal. Ráðið skal samþykkja ráðstafanirnar með auknum meirihluta.

Hafi ráðið ekki samþykkt neinar ráðstafanir innan 15 daga frá því að tillagan var lögð fyrir það, skal framkvæmdastjórnin samþykkja fyrirhugaðar ráðstafanir, nema einfaldur meirihluti í ráðinu hafi greitt atkvæði gegn umræddum ráðstöfunum.

14. gr.

Tilskipun þessi gildir ekki um framleiðsluvörurnar sem um getur í 1. gr. ef unnt er að sanna að þær séu ætlaðar til:

- a) útflutnings til þriðju landa;
- b) framleiðslu á vörum öðrum en matvælum;
- c) sáningar.

15. gr.

Til að endurbæta það bandalagskerfi sem komið er á með þessari tilskipun skal ráðið endurskoða hana, með hliðsjón

af skýrslu framkvæmdastjórnarinnar ásamt viðeigandi tillögum, eigi síðar en 30. júní 1991.

16. gr.

Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 30. júní 1988. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem samþykkt verða um málefni sem tilskipun þessi nær til.

17. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 24. júlí 1986.

Fyrir hönd ráðsins,

A. CLARK

forseti.

I. VIÐAUKI

SAM-númer	Lýsing
úr 10.01	Hveiti
10.02	Rúgur
10.03	Bygg
10.04	Hafrar
úr 10.05	Maís
úr 10.06	Hýðishrísgrjón
úr 10.07	Bókhveiti, hirsí, dúrra, rúghveiti og aðrar kortegundir

II. VIÐAUKI

A-HLUTI

Varnarefnaleifar	Hámarks magn í mg/kg (ppm)	
1. aldrín	} Einstakt eða blandað, gefið upp sem díeldrín (HEOD)	0,01
2. díeldrín (HEOD)		
3. allt ólífrænt brómíð, gefið upp í Br-jónum	50	
4. karbarýl	1 : hrísgrjón 0,5 : annað korn	
5. klórdan (samtala af cís- og trans-ísómerum)	0,02	
6. DDT (samtala af DDT-, TDB- og DDE- ísómerum, gefið upp sem DDT)	0,05	
7. díásínón	0,05	
8. 1,2-díbrómetan (etýlen díbrómíð)	0,01 ⁽¹⁾	
9. díklórvos	2	
10. endósúlfan (samtala af alfa- og beta- ísómerum og endósúlfan súlfat, gefið upp sem endósúlfan)	0,2 : maís 0,1 : annað korn	
11. endrín	0,01	
12. heptaklór (samtala heptaklórs og heptaklórs epoxíðs gefið upp sem heptaklór)	0,01	
13. hexaklórbensen (HKB)	0,01	
14. hexaklórsýklóhexan (HKH)	} samtala	0,02
14.1. Alfa-ísómer		
14.2. Beta-ísómer		
14.3. Gamma-ísómer (lindan)	0,1 ⁽²⁾	
15. malaþíón (samtala malaþíóns og malaóxons, gefið upp sem malaþíón)	8	
16. fosfamídon	0,05	
17. píreþrín (samtala af píreþrín I og II, sínérín I og II, jasmolín I og II)	3	
18. tríklórfón	0,1	

⁽¹⁾ Meðan á aðlögunartímabilinu stendur, en það rennur út eigi síðar en 30. júní 1991, er aðildarríkjum heimilt, ef eftirlitsyfirlögd geta enn sem komið er ekki ákvarðað leifarnar í ákvörðuðu hámarki 0,01 mg/kg á kerfisbundinn hátt, að nota aðferðir sem hafa hámarkið 0,05 mg/kg í mesta lagi.

⁽²⁾ Frá 1. janúar 1990.

B-HLUTI

Varnarefnaleifar	Hámarks magn í mg/kg ppm
1. brómómetan (metýl brómíð)	0,1
2. koltvísúlfíð	0,1
3. koltetraklóríð	0,1
4. vetnissýaníð, sýaníð gefið upp sem vetnissýaníð	15
5. vetnisfosfíð, fosfíð gefið upp sem vetnisfosfíð	0,1